

Skólaráð Lágafellsskóla.

2.fundur 21.01.2020

Mættir: Lísa Greipsson skólastjóri, fulltrúi foreldra: Kristín Ásta Ólafsdóttir, fulltrúar kennara: Erla Edvardsdóttir og Guðrún I. Stefánsdóttir, fulltrúi annarra starfsmanna: Erla Björnsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags : Krístrún Kristjánsdóttir, fulltrúi nemenda: Elfa Sif Hlynsdóttir.

### 1. Fjárhagsáætlun

Lísa fór yfir fjárhagsáætlun skólans. Hún er frekar stöðug frá ári til árs. Hver kostnaðarliður er hækkaður um 3% nema það sé eitthvað sérstakt. Launakostnaður fer eftir því hve margir nemendur eru við skólann og hversu marga kennara þarf til að kenna þeim. Oft vantar t.d. fatapeninga, yfirvinnutíma vegna ferðalaga og fleira sem ekki er alltaf fjárfest. Stærsti kostnaðarliðurinn er launagreiðslur. Ýmsir lykjar í áætluninni voru skoðaðir og skýrðir út.

### 2. Ráðningar, breytingar í starfsmannahópi á döfinni

Rætt um breytingar í starfsmannahópi. Tveir nýir skólaliðar hafa verið ráðnir ásamt stuðningsfulltrúa og breytingum í frístund. Þessar breytingar koma meðal annars til vegna breytinga hjá þeim starfsmönnum sem fyrir voru. Það vantar einn starfsmann til að fylgja fötluðum nemanda í Bólið og reynt að ráða í hana úr þeim umsóknum sem bárust um störf í frístund. Í vor verða einhverjar breytingar á starfsmannahaldi vegna fækkunar nemenda á Höfðabergi.

### 3. Breytingar á lögum – leyfisbréf til kennslu

Rætt var um breytingar á leyfisbréfum. Kennarar á öðrum skólastigum geta sótt um stöður í skólanum og eru ekki leiðbeinendur.

### 4. Félagsmál unglunga – fréttir

Framundan er árshátíð nemenda sem haldin verður þann 13. febrúar. Einnig verður á næstunni haldinn íþróttadagur og þemadagar.

### 5. Nýjung í skólasundi - 9.-10.bekkur

Í fyrsta skipti er nemendum boðið upp á að ljúka sundstiginu í janúar ef þeir ná 80% raunmætingu á önninni. Nemendur sem ná sundstiginu fyrir áramót þurfa ekki að mæta í þá eftir áramót. Nemendur fá sundkort og bera sjálfir ábyrgð á því að fara vikulega í sund á eigin vegum. Tilgangurinn með þessu er að nemendur sem hafa mætt illa í sundtíma sjái hag sinn í því að mæta. Um helmingur hvors árgangs náði 80% raunmætingu og má taka prófið sem haldið verður fljótlega. Þeir sem mættu illa eru þó enn að mæta illa svo verkefnið var ekki sá hvati sem vonast var til að það yrði fyrir þessa nemendur.

Upp kom umræða um skólasund í 1-2 bekk þar sem fyrir nokkrum árum voru tveir sundtímar á viku og einn íþróttatími. Sumum fulltrúum í skólaráði fannst þetta gott og tilefni til að

athuga að taka þetta upp aftur. Lísa telur þetta hafa verið vegna plássleysis í íþróttahúsinu á þessum tíma. Fleiri sundtímar gáfu þó góða raun. Yngri börnin hafa oft meiri áhuga á sundi en þau eldri og e.t.v. hvetjandi að fara þessa leið.

#### 6. Önnur mál:

Hugmynd kom fram um að halda fund eða fyrirlestur á vegum skólaráðs með foreldrum og nemendum til að auka lýðræði í skólanum. Til er heimild um þetta í reglum um skólaráð. Skólaráð hefur sem stendur ekki hugmynd að efni fyrir slíkt þing.

Rætt um framtíð Höfðabergs sem hefur ekki verið fullmótuð. Skólinn hefur óskað eftir því að óbreytt skipulag haldi þar áfram á næsta skólaári.

Fundarritari: Kristín Ásta Ólafsdóttir.